

# ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐARBÓK SVEITARSTJÓRNAR HÚNAÞINGS VESTRA

## 246. FUNDUR.

246. fundur sveitarstjórnar Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn 27. nóvember 2014 kl. 10:00 í fundarsal Ráðhússins.

### Fundinn sátu:

Unnur Valborg Hilmarsdóttir, oddviti, Elín Jóna Rósinberg, varaoddviti, Elín R. Líndal, aðalmaður Stefán Einar Böðvarsson, aðalmaður, Sigríður Elva Ársælsdóttir, varamaður, Sigurbjörg Jóhannesdóttir, aðalmaður og Valdimar Gunnlaugsson aðalmaður.

### Embættismenn:

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri  
Guðrún Ragnarsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

### Fundarritari:

Guðrún Ragnarsdóttir.

Oddviti setti fund.

## 1. Fundargerðir byggðarráðs, formaður kynnti.

**Fundargerð 853. fundar**, frá 17. nóvember sl. fundargerð í 6 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum

**Fundargerð 854. fundar** frá 24. nóvember sl. Fundargerð í 5 liðum. Borin fram eftirfarandi tillaga vegna 5. dagskrárliðar. Sveitarstjórn samþykkir að fresta afgreiðslu þessa liðar. Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 6 atkvæðum. Sigríður Elva Ársælsdóttir vék af fundi við afgreiðslu þessa liðar vegna vanhæfis. Fundargerðin í heild sinni borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

## 2. Starfsleyfistrygging vegna lokunar urðunarstaðar á Syðri-Kárastöðum.

Lögð fram eftirfarandi tillaga vegna starfsleyfistryggingar“ „Sveitarstjórn Húnaþings vestra ábyrgist að staðið verði við þær skyldur sem settar eru fram varðandi frágang og vöktun urðunarstaðar sveitarfélagsins að Syðri Kárastöðum, sbr. 61. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Af hálfu Húnaþings vestra er litið svo á að yfirlýsing þessi jafngildi starfsleyfistryggingu, sbr. 59. gr. laga nr. 55/2003 og 17. gr. reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs. Ábyrgð þessi gildir í 30 ár eftir lokun urðunarstaðarins.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

## 3. Fjárhagsáætlun ársins 2015 ásamt 3ja ára fjárhagsáætlun fyrir aðalsjóð og undirfyrirtæki Húnaþings vestra árin 2016, 2017 og 2018. Seinni umræða.

Lögð var fram til síðari umræðu tillaga að fjárhagsáætlun sveitarsjóðs og undirfyrirtækja fyrir árið 2015 ásamt áætlun fyrir árin 2016-2018.

Lögð fram svohljóðandi tillaga „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir framlagða fjárhagsáætlun ársins 2015 ásamt 3ja ára áætlun fyrir árin 2016-2018 fyrir sveitarsjóð Húnaþings vestra og undirfyrirtæki.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7

# Húnaþing vestra

## Fjárhagsáætlun 2015

### Greinargerð

#### Gerð fjárhagsáætlunar 2015.

Á síðustu árum hefur sveitarstjórn Húnaþings vestra ráðist í beinar hagræðingaraðgerðir sem hafa skilað þeim árangri að reksturinn er í ágætu jafnvægi, skuldir hafa lækkað og fjárhagsstaða sveitarfélagsins hefur styrkst umtalsvert. Góð samvinna hefur verið á milli meirihluta og minnihluta sveitarstjórnar um áherslur við fjárhagsáætlunargerð og þetta árið er engin breyting þar á. Fjárhagsáætlanir einstakra deilda eru unnar í góðri samvinnu við forstöðumenn stofnana.

Áfram er áhersla á hagvæmni í rekstri en ákveðið hefur verið að ráðast í umtalsverðar framkvæmdir vegna hitaveitu í dreifbýli og munu framkvæmdir hefjast á árinu 2015.

Í samræmi við ákvæði fjármálareglna, sem gilda um rekstur sveitarfélaga, um skuldaviðmið og jafnvægi í rekstri er rekstrarniðurstaða fjárhagsáætlunar ársins 2015 fyrir samstæðu A- og B-hluta sveitarsjóðs jákvæð. Skuldahlutfallið er 65,9% en má skv. ákvæðum fjármálareglna mest vera 150%.

Fjármagnskostnaður sveitarfélagsins hefur lækkað umtalsvert á liðnum árum þar sem ekki hafa verið tekin ný lán frá árinu 2011 en lán verið greidd niður á sama tíma. Árið 2015 er gert ráð fyrir að tekin verði 50 milljóna króna lán vegna hitaveituf framkvæmda en á sama tíma verði engu að síður eldri lán greidd niður um 56 milljónir króna.

Á liðnum árum hefur sveitarstjórn Húnaþings vestra almennt hækkað gjaldskrár í samræmi við verðlagsbreytingar. Þó skal nefnt að gjaldskrá vistunargjalds leikskóla hefur ekki verið hækkað frá árinu 2011. Systkinaafsláttur í leikskóla og í vistun eftir skóla hefur verið hækkaður í 50% fyrir árið 2015. Í fjárhagsáætlun ársins 2015 mun álagning fasteignagjalda vera óbreytt frá fyrra ári.

Sveitarstjórn Húnaþings vestra leggur mikið uppúr íþrótt- og tómskundastarfi barna. Það er meðal annars gert með myndarlegum styrkjum til íþróttafélaganna sem og frístundastyrk fyrir hvert barn á ári. Þá eru greiddir akstursstyrkir til foreldra í dreifbýli sem þurfa að keyra sérstaklega til að koma / sækja börn á æfingar. Gjöld í Tónlistarskóla Húnaþings vestra eru með þeim lægstu á landinu. Þessar aðgerðir hafa leitt til þess að íþrótt- og tómskunda iðkun barna í Húnaþingi vestra er mikil og verðlagning ætti ekki að vera þröskuldur fyrir barnmargar fjölskyldur.

Á árinu 2015 er gert ráð fyrir talsverðum fjárfestingum og framkvæmdum á vegum sveitarfélagsins. Stærsta fjárfestingarverkefni ársins 2015 er fyrirhuguð lagning hitaveitu í dreifbýli en stofnaður hefur verið vinnuhópur um þá framkvæmd sem skipa fulltrúi meirihluta, fulltrúi minnihluta, sveitarstjóri og rekstrarstjóri framkvæmda- og umhverfissviðs. Þá skal nefna að fyrirhugað er að endurnýja slökkvibífið, hanna viðbyggingu við íþróttamiðstöð, sem og hönnun útisvæði leik- og grunnskóla og halda áfram uppsetningu gatnalýsingar í dreifbýli. Í rekstri sveitarfélagsins á árinu 2015 er gert ráð fyrir auknum fjármunum til viðhalds fasteigna og framkvæmdum við fráveitu svo fátt eitt sé nefnt.

Þrátt fyrir þessar miklu fjárfestingar er á sama tíma verið að greiða niður eldri lán.

Húnaþing vestra veitir fjölmörgum félagasamtökum og menningarverkefnum styrki á árinu 2015 að fjárhæð alls 17 milljónir króna. Að síðustu skal nefnt að í fjárhagsáætlun ársins 2015 er gert ráð fyrir að veitt verði fjárframlög úr Framkvæmda- og nýsköpunarsjóði Húnaþings vestra sem stofnaður var á síðasta ári.

## **Helstu niðurstöður fjárhagsáætlunar 2015**

Áætlunin er lögð fram með 6 millj. kr. tekjuafgangi. Áætlað er að fráveita, hitaveita og vatnsveita skili rekstarafgangi en að önnur B-hluta fyrirtæki séu rekin með halla.

Tekjur samstæðunnar eru áætlaðar 1.254 millj. kr. en gjöld 1.218 millj. kr.

Fjármagnsliðir eru áætlaðir 30,3 millj. kr.

Handbært fé frá rekstri til greiðslu afborgana lána og til fjárfestinga er kr. 157,2 millj. kr.

Hlutfall veltufjár frá rekstri er áætlað 6,1%

Áætlað er að afborgun langtímalána nemi kr. 56,5 millj. kr. á árinu 2015.

Gert er ráð fyrir að hitaveita taki 50 milljóna lán.

Handbært fé í árslok 2015 er áætlað kr. 61,8 millj. sem er lækkun um 15,8 millj. kr. frá ársbyrjun.

Gert er ráð fyrir hækkun á liðnum eigið fé um 6 millj. kr. frá afkomuspá ársins 2014.

Gert er ráð fyrir hækkun skulda og skuldbindinga um 14 milljónir. kr. frá afkomuspá ársins 2014.

Eignfærð fjárfesting á árinu 2015 er alls kr. 168,7 milljónir.

Í þriggja ára áætlun, árin 2016, 2017 og 2018, er gert ráð fyrir eignfærðum fjárfestingum að upphæð kr. 235,2 milljónir, aðallega vegna hitaveitu í dreifbýli og viðbyggingar við íþróttahús. Gert er ráð fyrir lántöku að upphæð kr. 40 milljónir en jafnframt verði á þessum árum greidd niður lán að upphæð 180,6 milljónir á því tímabili sem áætlunin nær til.

Sveitarstjórn fagnar því að upp er að renna tími mikilla framkvæmda í Húnaþingi vestra með framkvæmdum við hitaveitu, viðbyggingu við íþróttahús og fleira sem að framan hefur verið talið. Slíkt er aðeins mögulegt vegna ábyrgrar fjármálastjórnar og hagræðingar í rekstri undanfarin ár sem og niðurgreiðslu lána sem hefur lækkað vaxtabyrði sveitarfélagsins verulega. Um leið og gengið er til brynna framkvæmda sem munu bæta lífs- og búsetuskilyrði í sveitarfélaginu svo um munar er stefnt að því að halda lántökum í algeru lágmarki jafnframt því að greiða áfram niður skuldir á kjörtímabilinu.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð upplestin og samþykkt. Fundi slitið kl.10:43

---

Unnur Valborg Hilmarsdóttir.

---

Stefán Einar Böðvarsson.

---

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

---

Elín Jóna Rósinberg.

---

Elín R. Líndal

---

Valdimar Gunnlaugsson.

---

Sigríður Elva Ársælsdóttir

---

Guðrún Ragnarsdóttir  
sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs

---

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri